

Sigfúsarstofa

Fyrsti fundur 2022

Stjórnarfundur haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum, 18. ágúst 2022 kl. 13:00. Mætt eru Stefán Bogi Sveinsson (formaður), Signý Ormarsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir, Unnur Birna Karlsdóttir (ritari) og Baldur Pálsson. SBS setti fundinn og kynnti tillögu að dagskrá fundar og hvort athugasemdir væru gerðar við hana. Svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Verkefni 2021:

- a) Óskarsvaka á Skriðuklaustri - Dagskrá til heiðurs Óskari Halldórssyni 30. október 2021: Veg og vanda af viðburðinum höfðu afkomendur Óskars í samvinnu við Gunnarsstofnun. Vel tókst til og þátttaka var góð. Framlag Sigfúsarstofu var aðstoð við skipulagningu (SBS kom að því í samstarfi við Gunnarsstofnun) auk þess að greiða tveimur sagnaþulum fyrir að koma fram á viðburðinum, samtals kr. 40.000.
- b) Skönnun ljósmynda frá Helga Hallgrímssyni. SBS lagði fram verkefnislýsingu, en Héraðsskjalasafn Austfirðinga tóka að sér að skanna myndirnar gegn greiðslu. Verkefnið er hafið og er í vinnslu. Gert er ráð fyrir að uppgjör verkefnis verði lagt fram á næsta fundi stjórnar. Fjármögnun sveitarfélagsins til Sigfúsarstofu á árinu 2021, að frádregnum kostnaði við Óskarsvöku, er nýtt til verkefnisins. (Sjá nánar um umfang ljósmyndasafnsins í þessum áfanga í tölvupósti til stjórnar frá formanni stjórnar Sigfúsarstofu, dags. 17. des. 2021.)

2. Verkefni framundan:

- a) Handrit Sigfúsar Sigfússonar: SBS lagði fram tölvupóst og bréf frá Helga Hallgrímssyni þar sem hann kemur á framfæri þeirri hugmynd að Sigfúsarstofu standi fyrir útgáfu á einhverjum af þeim óbirtu handritum sem liggja eftir Sigfús Sigfússon. SBS taldi hugmyndina góða og að slíkt verkefni gæti hentað Sigfúsarstofu ágætlega meðan að beðið væri framkvæmda við Safnahúsið og að stofna gæti fengið þar varanlegan samastað. Nokkrar umræður urðu innan stjórnar um hugmyndina. Rætt um mögulega samstarfsaðila og fjármögnun. Stjórn samþykkir að skoða málið nánar en að horft verði til útgáfu á efni sem ekki hefur komið út á prenti áður. UBK tekur að sér að hafa samband við handritadeild Landsbókasafns, sem varðveitir handritin sem um ræðir, og afla frekari upplýsinga. Hún ásamt SBS munu skoða mögulega samstarfsaðila að útgáfunni.
- b) Önnur verkefni. BP vakti máls á því að nokkuð skorti upp á að stjórn væri að fullu upplýst um hlutverk sitt og þau verkefni sem henni væri ætlað að sinna. Stjórn fór í framhaldi sameiginlega yfir ákvæði í samþykktum Sigfúsarstofu og það sem þar kemur fram um að stjórn skuli setja starfsreglur, gera fjárhagsáætlun, ráða starfsfólk eða gera aðrar ráðstafanir varðandi utnumhald starfseminnar. Jafnframt því að stjórn gangi í þessi verkefni samþykkti stjórn að kallað yrði eftir ákveðnum svörum frá fulltrúa Múlaþings um stöðu samþykktanna, tengilið sveitarfélagsins, fjárframlag ársins 2022 og fleira sem snýr að málefnum Sigfúsarstofu. Stjórn

samþykkti að funda á ný innan skamms og leggja fram á þeim fundi drög að fjárhagsáætlun ásamt beiðni um fjármagn. Einnig þyrfti í erindinu að kalla eftir svörum varðandi framtíðarhúsnæði Sigfúsarstofu í Safnahúsinu. Auk þess sem að framan greinir leggur stjórn áherslu á að lokið verði við samningagerð við Helga Hallgrímsson um varðveislu og afhendingu hans gagna, sbr. drög send í tölvupósti frá ÓGÓ f.h. sveitarfélagsins Múlaþings til stjórnar Sigfúsarstofu 30. ágúst 2021 og fundargerð stjórnar frá fundi 23. ágúst 2021.

3. Önnur mál:

- a) Ákvörðun um næsta fund: Næsti stjórnarfundur verður 30. ágúst. Fram kom að Rþ verður ekki viðlátin á þeim tíma en að hún muni boða varafulltrúa (Sigrúnu Blöndal) á þann fund.

Annað ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið 14.05.

Fundargerð ritaði Unnur B. Karlsdóttir.